



344. Stjórnarfundur haldinn 16. des. 2009 kl:17:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ lottóúthlutun reglugerð, bréf frá UMFÍ tilkynning um úthlutun á styrk úr Verkefnasjóði UMFÍ v/ sögusýningar eitthundrað þúsund krónur, bréf frá UMFÍ tilkynning um skipulagsbreytingar á skrifstofu UMFÍ, bréf frá UMFÍ auglýst er eftir nýjum mótshaldara fyrir 13. unglíngalandsmót UMFÍ 2010, frestur til 10 janúar 2010 og þinggerð 46. sambandsþings UMFÍ sem halið var í Reykjanesbæ 2009.

3. Send bréf.

Engin.

4. Málefni sunddeildar Keflavíkur.

EH bauð stjórnarmenn sunddeildarinnar velkomna. Rakti í stuttu máli lög og reglur félagsins með tilliti til fyrirliggjandi samningsdraga vegna samstarfs við sunddeild UMFN undir sundráði ÍRB. EH gaf síðan Guðmundi J.B. formanni sunddeildar orðið. Guðmundur þakkaði fyrir að koma á fund aðalstjórnar og geta skýrt út fyrir stjórnarmönnum drögin sem eru undanfari þess að sunddeildir Keflavíkur og UMFN fari saman undir sundráð ÍRB. Guðmundur óskaði eftir við aðalstjórn að fá aðstoð við frágang á fyrirliggjandi samningsdrögum. EH þakkaði stjórnarmönnum sunddeildar fyrir góðan og gagnlegan fund.

5. Málefni knattspyrnudeildar.

EH sagði frá því að hann og KG ásamt BI hafi átt fund með formanni, varaformanni og gjaldkera deildarinnar þann 15. desember. EH bað KG að skýra frá fundinum. KG skýrði frá samkomulagi sem lá fyrir milli deildarinnar og Spkef. Miklar umræður um málið. Formanni falið að skrifa undir samkomulagið fyrir hönd félagsins.

6. Íþróttamaður Keflavíkur 2009.

Farið var yfir tilnefningar deildanna. Ákveðið að bíða með val á íþróttamanni Keflavíkur. Afla frekari upplýsingar um nokkra aðila sem tilnefnir eru.

7. Jólblað Keflavíkur 2009.

Búið er að dreifa Jólblaði Keflavíkur í Reykjanesbæ. Fimleikadeildin sá um útburðinn. Aðalstjórn er hæstánægð með hvernig til tókst.

8. Önnur mál.

Búið er að virkja RSS inn á heimasíðu félagsins

EH sagði frá að Samkaup hefðu styrkt útgáfu bókarinnar um 300.000.- krónur. Aðalstjórn þakkar stuðninginn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.20:15

Fundinn ritaði SG

Næsti fundur boðaður



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

